

Fundargerð stjórnar Fiskeldissjóðs, 30. fundur.

3. maí 2022. Fundurinn hófst kl. 14:00.

Fundarstaður: Fjarfundur; Teams.

Fundarmenn: Haraldur L. Haraldsson, Álfheiður Ingadóttir, Kjartan Dige
Baldursson og Hallveig Ólafsdóttir

1. Fundargerð 29. fundar yfirfarin og borin upp til samþykktar.

Frestað.

2. Umsóknir.

Lokið var við að fara yfir umsóknir en ákveðið að fara yfir niðurstöðurnar á næsta fundi. Skoðað var hvernig rökstuðningur var settur upp vegna verkefna sem fengu synjun við síðustu úthlutun. Til að gæta samræmis fór stjórnin yfir sambærileg verkefni frá því í fyrra og bar saman við umsóknir í ár.

3. Önnur mál.

Stjórn sjóðsins ræddi um umfang rekstrarfjár fyrir sjóðinn og hvort skoða ætti að draga úr því fyrir næstu úthlutun.

Ákveðið var að boða til fundar föstudaginn 13. maí. Fundi var slitið 15:30 og fundargerð ritaði Hallveig Ólafsdóttir.